Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi í Eddu, Arngrímsgötu 5, þriðjudaginn 1. október 2024 og hófst kl. 17. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Eva María Jónsdóttir, Jóhannes B. Sigtryggsson, Luciano Dutra og Anna Sigríður Þráinsdóttir. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Áform menningar- og viðskiptaráðuneytis um endurskoðun á lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls

Menningar- og viðskiptaráðuneyti hefur kynnt áform um endurskoðun á lögum um stöðu og íslenskrar tungu og íslensks táknmáls og eru áformin birt í samráðsgátt stjórnvalda (https://island.is/samradsgatt/mal/3770). Í áformaskjalinu er m.a. fjallað um Íslenska málnefnd, íslenska málstefnu og málstaðal.
Á fundi stjórnar voru umræður um áformaskjalið og ákveðið var að Íslensk málnefnd sendi inn ábendingar um liði 3.1, 3.2 og 3.3 í skjalinu.

2. Afmælismálþing Íslenskrar málnefndar 17. október

Sjá fg. stj. 2/20224. Afmælismálþing Íslenskrar málnefndar fer fram í Eddu fimmtudaginn 17. október og hefst kl. 15. Yfirskrift málþingsins er „Í þjónustu tungunnar“ og dagskrá málþingsins er eftirfarandi:
15.00 Ávarp menningar- og viðskiptaráðherra, Lilju D. Alfreðsdóttur
15.05 Ármann Jakobsson: Íslensk málnefnd í 60 ár – Tími ályktana og tími framkvæmda
15.15 Guðrún Kvaran: Göngum við til góðs? – Hugleiðingar um stöðu íslenskrar tungu
15.30 Kristján Árnason: Menningarhamfarir og málvistkerfi – Hugleiðing á sextugsafmæli Íslenskrar málnefndar
Eva María Jónsdóttir verður fundarstjóri. Boðið verður upp á veitingar að loknum erindum á málþinginu.

3. Stefnuskrá Íslenskrar málnefndar 2024–2027

Á skipunartíma Íslenskrar málnefndar 2024–2027 hyggst málnefndin einkum beita sér fyrir regluverki íslensku, snjalltækjavæðingu og áskorunum hennar fyrir tungumál sem eru ekki í ráðandi stöðu og að lokum miðlun listar og fróðleiks á íslensku.

4. Önnur mál

Engin önnur mál voru kynnt.

Fleira gerðist ekki. Fundið var slitið kl. 17.50.

Ármann Jakobsson
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir
sign.